



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

* umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 6/2002 (EES-reglur) HRN22060073
Ráðuneyti	Heilbrigðisráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	15. júní 2022

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætuð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**
 - a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilökön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins? Ítarleg greining á mati frumvarpsins hefur ekki farið fram á þessu stigi. Samráð verður hafi við helstu hagsmunaaðila við nánara mat við gerð frumvarpsins. Helstu hagsmunaaðilar eru embætti landlæknis, ÁTVR, Neytendastofa, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskrar sveitarfélaga (heilbrigðisnefndir), tóbaksinnflytjendur og innflytjendur tengdra vara.
 - b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum. *Ekki var unnin næmnis- eða frávikagreining við gerð matsins.*
 - c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg? Á ekki við.
 - d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldapróun. Á ekki við.
 - e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlíð og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu. Á ekki við.

2. Tekjubreytingar

– *Frummat gerir ekki ráð fyrir breytingu á tekjuhlíð ríkissjóðs við lögfestingu frumvarps.*

3. Útgjaldabreytingar

– *Frummat gerir ekki ráð fyrir breytingu á útgjaldahlið ríkissjóðs við lögfestingu frumvarps. Matið verður endurskoðað við vinnslu frumvarpsins með tilliti til mögulegs aukins kostnaðar vegna eftirlits t.d. hjá heilbrigðisnefndum, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og/eða Neytendastofu.*

4. Eignabreytingar

– *Frummat gerir ekki ráð fyrir breytingu á eignastöðu ríkissjóðs við lögfestingu frumvarps.*

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum. Á ekki við.
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál. Á ekki við.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs. Á ekki við.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur. Á ekki við.

- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi. Á ekki við.
- f) Opinber innkaup og útboð. Á ekki við.
- g) Eignaumsýsla ríkisins. Á ekki við.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Á ekki við.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara Á ekki við.]

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaáætlun – fjármögnum

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - a) í gildandi fjárlögum. *Ekki er gert ráð fyrir útgjaldaaukningu ríkissjóðs í fjárlögum 2022.*
 - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs. *Ekki er gert ráð fyrir útgjaldaaukningu ríkissjóðs í frumvarpi fjárlaga 2023.*
 - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. *Ekki er gert ráð fyrir útgjaldaaukningu ríkissjóðs í fjármálaáætlun 2022–2026.*
2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum? Á ekki við.
3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu? *Ekki svo vitað sé á þessari stundu.*

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið. Á ekki við.
2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

Markmið frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt Evrópulöggjöfum tóbaksvörur og tengdar vörur. Markmið tilskipunarinnar er meðal annars að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um innhaldsefni og losun tóbaksvara og tengdar kvaðir um skýrslugjöf, þ.m.t. hámarksgildi losunar að því er varðar tjöru, nikótín og kolsýring úr vindlingum, tiltekna þætti sem varða merkingu og umbúðir tóbaksvara, þ.m.t. viðvörunarmerkingar sem eiga að vera á einingarpökum sem innihalda tóbaksvörur og allar ytri umbúðir sem og rekjanleika og öryggispætti sem beitt er varðandi tóbaksvörur til að tryggja að þær uppfylli kröfur tilskipunarinnar. Þá er lagt bann við að setja munntóbak á markað, bann við að setja á markað tóbaksvörur með einkennandi bragði, veitt heimild til að banna fjarsölu á tóbaksvörum yfir landamæri og sett skylda um að leggja fram tilkynningu um nýjar tóbaksvörur sem eiga að fara á markað og aðrar vörur sem tengjast tóbaksvörum, meðal annars jurtavörur til reykinga.

3. Samkeppnisskilyrði

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta). *Nei.*
- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja). *Nei.*
- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd). *Nei.*
- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin

samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum). *Nei.*

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**
– Mat á áhrifum frumvarpsins hefur ekki verið lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga (heilbrigðisnefndir).
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011. *Já.*
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011. *Nei, ekki nema ákveðið verði að setja strangari reglur í þeim tilvikum þegar um heimildarákvæði tilskipunarinnar er að ræða.*
4. **Áhrif á byggðalög. *Nei.***
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök. *Nei.***
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna. *Nei.***
7. **Áhrif a lýðheilsu.** *Markmið frumvarpsins er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks. Jafnframt að koma í veg fyrir að ungt fólk hefji neyslu tóbaks og hjálpa þeim sem vilja hætta neyslu tóbaks.*
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.** *Á ekki við.*
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.** *Á ekki við.*
10. **Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.** *Málefni tóbaksvarna fellur undir heilbrigðisráðuneytið en vegna efirlitssjónarmiða sem munu eiga við varðandi vörur sem flytja á inn á markað getur komið til skörunar við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Hvað efirlit varðar getur auk þess verið skórur við innviðaráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.*
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.** *Á ekki við.*
12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.** *Á ekki við.*

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.** *Frummat gerir ekki ráð fyrir breytingu á afkomu ríkissjóðs og/eða eignastöðu. Matið verður endurskoðað við gerð frumvarpsins með tilliti til mögulegs aukins kostnaðar vegna efirlits.*
2. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.** *Nei.*
3. **Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).** *Ekki hefur verið lagt mat á samfélagslegan ávinning.*

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. **Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**
2. **Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**
3. **Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**

